

Hestamannafélagið Sörli, Hafnarfirði

Fræðslufundur verður í Slysavarnahúsinu í kvöld, 31. janúar, kl. 20. Þorkell Bjarnason kemur á fundinn. Félagar fjölmennið.

Stjórnin.

MODA BELLA

Moda Bella.

St.: 36—41.

Litir: svartur, hvítur, blár, drapp.

Kr. 1.528,-

PÓSTSENDUM



VISA

EUROCARD

Aelö.

Laugavegi 11, R. Sími 21675.

SMÁAUGLÝSINGAR DV MARKAÐSTORG TÆKIFÆRANNA

Þú átt kost á að kaupa og selja allt sem gengur kaupum og sölum. Bara að nefna það í smáauglýsingum DV, hinu ótrúlega markaðstorgi tækifæranna.

Markaðstorgið teygir sig víða. Það er sunnanlands sem norðan, vestan sem austan, í bátum sem flugvélum, snjóbilum sem fólkubílum, hvarvetna er DV lesið. Einkamál. Já, það er margt í gangi á markaðstorginu, en um hvað er samið er auðvitað einkamál hvers og eins.

Sumir borga með finpressuðum seðlum.

Menn nýkomnir úr banka? Þarf alls ekki að vera. Gætu hafa keypt straubretti á markaðstorginu daginn áður. Smáauglýsingar DV eru markaður með mikinn mátt.

Þar er allt sneisafullt af tækifærum.

Það er bara að grípa þau.

Þú hringir... **2 70 22**

Við birtum...

Það ber árangur!

Smáauglýsingadeildin er í Þverholti 11.

Opið: Mánudaga-föstudaga, 9.00—22.00

laugardaga, 9.00—14.00

sunnudaga, 18.00—22.00



DV


Frjálst, óháð dagblað

ER SMÁAUGLÝSINGABLAÐIÐ

Menning

Menning

Menning



Frá fyrstu afhendingu Menningarverðlauna DV. Aðalsteinn Ingólfsson ávarpar hádegisverðargesti.


MENNINGARVERÐLAUN DV 1984:

VINSÆLIR VERÐ- LAUNAHAFAR

Menningarverðlaun DV, sem veitt verða í sjöunda sinn um miðjan næsta mánuð, hafa nú unnið sér fastan sess sem mikilvægur árlegur atburður í íslensku menningarlífi. Er þetta eina viðurkenningin sem veitt er árlega til íslenskra listamanna fyrir störf þeirra og framlag til menningarlífs hér á landi. Áður hafa verið gerðar tilraunir til slíkra árlegra verðlaunaveitinga í einstökum listgreinum, en þær ekki orðið langlífar, vegna deilna.

Aldrei hefur risið ágreiningur um veitingu Menningarverðlauna DV og er það fremur öðru að þakka því hversu vel hefur verið vandað til vals dómenda í dómnefndir í einstökum listgreinum. Þar hafa að sjálfsögðu starfað gagnrýnendur blaðsins, en jafnan hafa þeir fengið til liðs við sig gagnrýnendur frá öðrum fjölmiðlum, sem og valinkunna leikmenn. Hefur með þessu tekist að tryggja viðsýni og jafnvægi í niðurstöðum dómnefndanna, svo ekki hafa risið deilur um verðleika verðlaunahafanna hverju sinni.

Það má líka segja að þegar talin eru upp nöfn þeirra, sem hafa hlotið Menningarverðlaun DV frá upphafi, er það jafnframt listi yfir marga vinsælustu



Oddur Björnsson hlaut leiklistarverðlaunin 1980 og tekur hér við þeim af Bryndísi Schram.

listamenn þjóðarinnar. Sagt er að flest orki tvímælis þá gert er, en það verður ekki sagt um val verðlaunahafanna

þessi sex ár sem Menningarverðlaun DV hafa verið veitt.

Fyrsta árið sem verðlaunin voru



Guðmundur Jónsson hlaut tónlistarverðlaunin fyrir 1982 og tekur hér við þeim af Eyjólfri Melsted.


Menning

Menning

Menning



Verðlaunahafarnir fyrir 1979, í byggingarlist, Manfreð Vilhjálmsson og Þorvaldur S. Þorvaldsson, taka við verðlaunum sínum af Aðalsteini Ingólfs-syni.



Frá afhendingu menningarverðlaunanna 1982



Ásgerður Búadóttir hlaut myndlistarverðlaunin fyrir 1981.

veitt, 1979, hlutu þau Ása Sólveig fyrir bókmenntir, Stefán Baldursson fyrir leiklist, Gallerí Suðurgata í myndlist, Gunnar Hansson fyrir byggingarlist og Þorgerður Ingólfsdóttir í tónlist. Verðlaunin eru veitt fyrir framlag til menningarlífs og lista árið á undan.

Annað árið hlutu verðlaunin þeir Manfreð Vilhjálmsson og Þorvaldur S. Þorvaldsson fyrir byggingarlist, Sigurður A. Magnússon í bókmenntum, Manuela Wiesler og Helga Ingólfsdóttir í tónlist, Ríkharður Valtingoer í myndlist og Kjartan Ragnarsson í leiklist.

Þriðja árið voru verðlaunahafarnir Þorsteinn frá Hamri í bókmenntum, Sigurjón Ólafsson í myndlist, Oddur Björnsson í leiklist, Gunnar Guðnason og Hákon Hertervig í byggingarlist og Jón Ásgeirsson í tónlist. Þá bættust við verðlaun fyrir framlag til kvikmyndalistar og hlaut þau fyrstur manna Sigurður Sverrir Pálsson.


Í fjórða sinn sem verðlaunin voru veitt, hlaut Árni Kristjánsson tónlistarverðlaunin, Ásgerður Búadóttir myndlistarverðlaunin, Vilborg Dagbjartsdóttir bókmenntaverðlaunin, Hjalti Rögnvaldsson leiklistarverðlaunin, Agúst Guðmundsson kvikmyndaverðlaunin og Birna Björnsdóttir byggingarlistarverðlaunin.

Verðlaunin voru veitt í fimmta sinn 1983 og hlaut þá Guðbergur Bergsson bókmenntaverðlaunin, Briet Héðinsdóttir leiklistarverðlaunin, Guðmundur Jónsson tónlistarverðlaunin, Helgi Þorgils Friðjónsson myndlistarverðlaunin, Pétur Ingólfsson byggingarlistarverðlaunin og Erlendur Sveinsson kvikmyndalistarverðlaunin.

Í fyrra voru svo verðlaunahafar, í sjötta sinn sem Menningarverðlaun DV voru veitt, Jón Nordal, tónlistarverðlaun, Jóhann Briem, myndlistarverðlaun, Thor Vilhjálmsson, bókmenntaverðlaun. Kvikmyndaverðlaunin féllu í hlut kvikmyndarinnar Hússins, Valdimar Harðarson hlaut byggingarlistarverðlaunin og Stúdentaleikhúsið fékk leiklistarverðlaunin.

Nú starfa dómnefndir af fullum krafti og þann 14. febrúar nk. verður það gert kunnugt hverjir íslenskra listamanna bætast í þann glæsilega hóp sem hér hefur verið talinn að ofan og hefur fengið Menningarverðlaun DV. Eins og ævinlega hafa mörg nöfn verið nefnd, enda margt að gerast í menningar- og listalífi þjóðarinnar þessa dagana. En fáir eru útvaldir, eins og þar segir, og hverjir þeir verða að þessu sinni kemur í ljós í hádegis-verðarboði í Þingholti, Hótel Holti, á Valentínusarmessu, 14. febrúar nk.

Verðlaunagripir þeir, sem veittir hafa verið, hafa verið sérstakur kápítuli út af fyrir sig í sögu Menningarverðlauna DV. Þar hafa ævinlega fengið að spreyta sig færustu og bestu handverksmenn þjóðarinnar, og hefur þeim einlægt tekist að skapa fagra og eftirminnilega gripi handa verðlaunahöfunum. Nú starfar Ófeigur Björnsson gullsmíður að því að smíða verðlaunagripina fyrir sjöundu veitingu Menningarverðlauna DV og þeir sem kunna að hafa lesið viðtal við hann hér í DV fyrir nokkru kunna að minnst forvitnilegrar lýsingar hans á hugmyndum að verðlaunagripum þessa árs. Um þá gripi verður nánar fjallað síðar.



Maharishi Mahesh Yogi

INNHERF ÍHUGUN

Tækni sem tryggir árangur. Almennur kynningarfyrirlestur verður í kvöld að Hverfisgötu 18 (gegnt Þjóðleikhúsinu) kl. 20.30. Innherf íhugun veitir djúpa hvíld, almenna vellíðan, eykur sálarró og vikkar vitundina.

Allir velkomnir
Íslenska íhugunartélagið
sími 16662.

Sól Saloon

Laugavegi 99
Sími 22580
Barnavideo
og ekta gufubað.



Áður

Sólbaðstofan

Laugavegi 52
Sími 24610
Slendertone grenningar-
og vöðvæðingartækni.
Frábært við staðbundinni
-fitu og vöðvabólgu.



Eftir

BÁÐAR BJÓÐA BREIDA, NÝJA BEKKI

Ma professional og UWE studio-line
Dömur og herrar, verið velkomin.

VILLI RAKARI ER FLUTTUR!

Hárgreiðslu- og rakarastofa
á heimsmælikvarða!

ARISTÓKRATINN

Síðumúla 23. Tímarpantanir sími 687960.

TOPP-FAGFÓLK

Kópavogsbúar — Kópavogsbúar.



Kristján Óskarsson leikur á orgelið í kvöld.

Restaurant Nýbblavegi 26, 200 Kópavogur, Sími 42541

Rita

SÖLUBOD
...vöruverð í lágmarki